

## L Ö G

19

5. apríl

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara sunnudaginn 24. júní 1956, skal eigi hefjast fyrir en þriðjudaginn 29. maí 1956.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

20

13. apríl

um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ráðherra sá, er fer með sjávarútvegsmál, skipar þriggja manna nefnd, sem nefnist útflutningsnefnd sjávarafurða. Jafnframt skal skipa varamenn.

Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Með samþykki ráðherra getur útflutningsnefnd sjávarafurða ráðið sér fulltrúa til þess að annast dagleg störf svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur.

2. gr.

Útflutningsnefnd sjávarafurða skal hafa með höndum eftirgreind störf:

1. Vera ráðherra til ráðuneytis um sölu og útflutning sjávarafurða.

2. Veita útflutningsleyfi fyrir sjávarafurðum.

Engar sjávarafurðir má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda nema að fengnu leyfi nefndarinnar. Útflutningsleyfi getur nefndin bundið skilyrðum, er nauðsynleg þykja, þar á meðal um verðjöfnun innbyrðis milli sömu vörutegunda sömu gæða og að hver fiskeigandi skuli bera fjárhagsábyrgð á vöru sinni vegna galla.

A 15

- 20 3. Hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja sjávarafurðir á nýja  
13. apríl markaði og auka sölu þeirra á eldri mörkuðum og annað það, er lýtur að út-  
flutningi sjávarafurða.

## 3. gr.

Útflytjendur eru skyldir að gefa útflutningsnefnd sjávarafurða allar upplýs-  
ingar, sem hún óskar, um allt, sem varðar sölu og útflutning sjávarafurða, og  
hefur nefndin frjálstan aðgang að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi.

Nefndarmenn og starfsmenn eru bundnir þagnarheiti um viðskiptamál útflytj-  
anda, er þeir verða áskynja um á þennan hátt.

## 4. gr.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að aðrar vörur en sjávarafurðir megi ekki bjóða  
til sölu, selja eða flytja til útlanda nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skil-  
yrðum, er hún setur.

## 5. gr.

Með reglugerð er heimilt að skipa nánar fyrir um allt, sem við kemur fram-  
kvæmd laga þessara, svo sem um löggildingu útflytjanda og um greiðslu kostnaðar  
við framkvæmdina.

## 6. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum eða öðrum ákvæðum, sem sett kunna að  
verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200000 krónum eða fangelsi, ef miklar  
sakir eru, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

## 7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 11 12. febrúar 1940.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1957.*

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.  
(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

*Lúðvík Jósepsson.*